# Aðstaða fyrir ungbarnafjölskyldur í sundlaugum Reykjavíkur

Skýrsla spretthóps
Nóvember 2025

Reykjavík

Samantekt ........................................ 2
Notendakönnun: Laugardalslaug ........................................ 3
Vinna spretthóps ........................................ 3
Niðurstöður ........................................ 4

# Samantekt

Á 14. fundi menningar- og íþróttaráðs föstudaginn 26. september 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga meirihluta Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna um ungbarnavænar sundlaugar:

*Lagt er til að mótaðar verði tillögur um hvernig megi bæta þjónustu við ungbarnafjölskyldur í sundlaugum borgarinnar. Skipaður verði spretthópur forstöðumanna sundlauga sem fái það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir til að bæta aðstöðu, búnað og umhverfi fyrir ung börn og fjölskyldur þeirra í sundlaugum borgarinnar. Spretthópurinn taki þegar til starfa og skili áfanganiðurstöðum fyrir 12. nóvember næstkomandi.*

Spretthópur tók til starfa þann 9. október 2025, skipaður forstöðumönnum allra sundlauga Reykjavíkur. Starfsmenn hópsins voru Lína Petra Þórarinsdóttir forstöðumaður markaðsmála og Sif Baldursdóttir verkefnastjóri á menningar og íþróttasviði.

Hópurinn fundaði tvisvar auk þess sem stöðugreining var unnin í hverri laug fyrir sig. Jafnframt voru gögn úr forsögn að endurbótum á útisvæði Laugardalslaugar rýnd. Í þeirri vinnu var víðtækt samráð haft við mismunandi hópa gesta sem m.a. lutu að bættri aðstöðu ungra barna og fjölskyldna þeirra og voru þau gögn nýtt í vinnu spretthóps.

Fyrstu niðurstöður hópsins sýna að grunnaðstaða í inniklefum sundlauga Reykjavíkurborgar uppfyllir almennt þarfir barnafjölskyldna, þar sem til staðar eru skiptiborð, balar, barnastólar, kútar og aðstaða til að leggja frá sér búnað. Þó má bæta aðstöðu fyrir yngstu börnin, og aðeins ein laug býður upp á afgirt svæði í búningsklefa. Aðstaða og búnaður í sér- og útiklefum er breytilegur milli lauga, og fimm af átta laugum eru með upphitaða innilaug yfir 32°C, en í ungbarnasundi er miðað við að vatn sé á bilinu 34° til 36°C. Aðgengi er almennt gott, en bent var á hreinlætissjónarmið varðandi vagna á laugarsvæði. Mismunandi er hvaða leikföng og leiktæki eru til staðar, og í notendagögnum komu fram óskir um fjölbreyttari vatnsleiksvæði sem myndu kalla á fjárfestingu. Hópurinn lagði áherslu á að aðstaða megi vera mismunandi eftir laugum þar sem þarfir notenda eru ólíkar, en mikilvægt sé að tryggja valfrelsi og að upplýsingar um aðstöðu séu aðgengilegar.

# Notendakönnun: Laugardalslaug

Umhverfis- og skipulagssvið efndi árið 2022 til opinnar tveggja þrepa hönnunar- og framkvæmdasamkeppni um endurgerð Laugardalslaugar og tengdra mannvirkja. Í tengslum við vinnu forsagnarhóps um verkefnið var ráðist í víðtækt íbúasamráð í samræmi við áherslur Reykjavíkurborgar um notendamiðaða hönnun. Leitað var eftir hugmyndum almennings með margvíslegum hætti. Ráðist var í hugmyndasöfnun meðal gesta Laugardalslaugar, haldinn var rýnifundur með forstöðumönnum sundstaða, kallað var eftir hugmyndum og afstöðu borgarbúa í gegnum samráðsgáttina Betri Reykjavík, auk þess var hægt að senda tillögur á netfang. Jafnframt var Maskína fengin til að leiða samtal þátttakenda i gegnum vefumræðuborð auk þess sem hópurinn leitaði til ýmissa hagsmunaaðila við gerð forsagnarinnar.

Í gögnunum er að finna ýmsar hugmyndir sem snúa að aðstöðu og aðgengi ungbarnafjölskyldna og voru sömu atriði nefnd ítrekað. Má þar nefna yfirbyggð svæði fyrir yngstu börnin og fjölbreytt úrval leiktækja, heitar laugar og fossa. Vatnaveröld var orð sem gjarnan kom fyrir í þessu samhengi.

# Vinna spretthóps

Spretthópur fundaði tvisvar. Fyrri fundur var haldinn þann 9. október 2025, þar sem farið var yfir verkefnið í heild sinni, markmið þess skilgreind og helstu áherslur ræddar. Á fundinum var einnig ákveðið hvernig vinna hópsins skyldi skipulögð og hvaða gögn eða upplýsingar þyrfti að afla til undirbúnings frekari vinnu.

Ljóst var að ekki myndi gefast svigrúm, innan þess tímaramma sem verkefninu var ætlaður, til að leita til Þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar og óska eftir vinnu þjónustuhönnuða um samráð við barnafjölskyldur í borginni. Þess í stað var stuðst við þær hugmyndir sem þegar höfðu komið fram frá notendum, meðal annars á grundvelli ítarlegs samráðs við íbúa í tengslum við hugmyndavinnu vegna endurgerðar Laugardalslaugar, en einnig ábendingar sem forstöðumönnum hefur borist frá notendum lauganna í gegnum tíðina.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, sérþekkingu forstöðumanna á rekstri lauga og reglugerð um sundstaði, sem og ábendingum frá notendum var unnið Excel-skjal með yfirliti yfir búnað sem stutt getur við þarfir ungbarnafjölskyldna í sundlaugum Reykjavíkur. Hver forstöðumaður fór yfir og fyllti út listann fyrir sína laug. *Samantekt má sjá í kafla um niðurstöður.*

Seinni fundur hópsins var haldinn 21. október 2025. Á honum var farið yfir samantekt á upplýsingum um aðstöðu og búnað í sundlaugum Reykjavíkurborgar sem nýtist ungbarnafjölskyldum, þar sem ungbörn eru skilgreind sem 0–3 ára. Byggt var á gögnum sem forstöðumenn sundlauga höfðu fyllt inn í sameiginlegt Excel-skjal sem sent var út af verkefnastjóra. Hópurinn fór yfir aðstöðu í laugunum og ræddu bæði styrkleika og tækifæri til úrbóta.

# Niðurstöður

Fyrstu niðurstöður hópsins benda til þess að grunnaðstaða í inniklefum allra sundlauga Reykjavíkurborgar mæti almennum þörfum barnafjölskyldna. Þar eru til staðar skiptiborð, balar, barnastólar, kútar og aðstaða til að leggja frá sér búnað. Þó má bæta aðstöðu fyrir allra yngstu börnin, þ.e. þau sem ekki geta setið sjálf, og aðeins ein laug býður upp á afgirt svæði í búningsklefa fyrir fólk með börn. Aðstaða í sér- og útiklefum er jafnframt breytileg milli lauga og búnaður ekki alls staðar sá sami.

Fimm af átta laugum borgarinnar eru með upphitaða innilaug yfir 32°C, en í ungbarnasundi er miðað við vatnshita á bilinu 34 til 36°C.

Aðgengi að laugum er almennt gott, meðal annars fyrir vagna og hjólastóla, þó bent hafi verið á að ekki sé æskilegt að fara með vagna inn á laugarsvæði vegna hreinlætissjónarmiða. Ungbörn yngri en 12 vikna eru sjaldan tekin með í sund, og samkvæmt upplýsingum sem liggja fyrir varðandi námskeið í ungbarnasundi skulu börn hafa náð tveggja mánaða aldri, vera orðin fjögur kíló og nafli þeirra skal vera fullgróinn áður en farið er með þau á slík námskeið.

Mismunandi er eftir laugum hvaða leikföng og leiktæki eru til staðar fyrir ungbörn. Forstöðumenn hafa ekki greint ákall um að leikföngum sé fjölgað en ef vilji er til staðar geta slík innkaup í einhverjum tilfellum rúmast innan ramma lauganna. Í notendakönnun komu hins vegar fram óskir um að leiktækjum á borð við rennibrautir, innbyggð vatnsleikföng, kastala og sveppi sé fjölgað auk þess sem óskað var eftir aðstöðu á borð við þá í Vatnaveröld í Reykjanesbæ í einhverjum tilfellum, en slíkt kallar augljóslega á umtalsverða fjárfestingu.

Aðstaða fyrir barnafjölskyldur í afgreiðslum miðast almennt eingöngu við aðgengi. Í sumum afgreiðslum eru barnastólar, í Vesturbæjar- og Laugardalslaug eru fiskabúr, og í Dalslaug er leiksvæði fyrir ung börn sem hlýst af því að sundlaug og bókasafn eru rekin saman í byggingunni.

Hópurinn lagði áherslu á að aðstaða megi vera mismunandi eftir laugum þar sem þarfir notenda eru ólíkar, en mikilvægt sé að valfrelsi sé tryggt og að upplýsingar um aðstöðu séu vel aðgengilegar. Áréttað var að aukinn búnaður geti kallað á aukin þrif, eftirlit og mönnun sem taka þurfi til greina í áætlanagerð. Þá voru forstöðumenn sammála um að anddyri sundlauga henti ekki sem leiksvæði fyrir börn og að önnur rými borgarinnar, svo sem bókasöfn, henti betur og bjóði upp á slíka þjónustu, en í notendagögnum um Laugardalslaug kom fram ábending um að bæta leikaðstöðu í anddyrum lauga.

Einnig vildi hópurinn vekja athygli á öryggisatriðum tengdum dreifingu á nikótínpúðum og lagði til að ráðist verði í aukna vitundarvakningu um áhættu sem þeim fylgir fyrir börn. Loks komu fram ábendingar um þörf á kennslulaugum sem nýtast bæði sundfélögum og skólasundi, auk þess sem rætt var um öryggi í tengslum við almenna opnun á meðan skólasund fer fram.

# Árbæjarlaug

ATH. aldursbil er 2 mánaða - 3 ára

**Klefar**

| Aðstaða/búnaður | KVK inniklefi | KK inniklefi | KVK útiklefi | KK útiklefi | Sérklefi | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já |
| Skiptiborð | X | X | | | X | |
| Barnastóll | X | X | | | | |
| Barnabali | X | X | | | | |
| Kútar | X | X | | | X | Eru í kútageymslu fyrir framan kk og kvk klefa |
| Stærra baðherbergi | X | X | | | | |
| Sér svæði fyrir fjölskyldufólk | X | X | | | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | X | X | | | | |
| Aðstaða til að leggja frá sér búnað (sundföt/dót) | X | X | X | X | X | |

**Laugarsvæði**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Yfirbyggt laugarsvæði | X | |
| Innilaug yfir 35 gráður | | Innilaug er 33 gráður |
| Vaðlaug yfir 35 gráður | X | |
| Útilaug yfir 35 gráður | | |
| Aðstaða fyrir ungbarnasundsæfingar | X | |
| Stutt lengd frá klefum að laugum og pottum | X | |
| Heitir pottar tengdir við/beint við hlið | X | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | X | |

**Leikföng**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Busl leikföng | | |
| Rennibraut fyrir undir 3 ára | | |
| Flotleikföng | X | |
| Innbyggð vatnsleikföng | X | |
| Vatns-sveppur | X | |
| Annað | X | |

**Afgreiðsla**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Leikjasvæði fyrir ung börn | | |
| Barnastóll | X | |
| Fiskabúr | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | X | |

**Annað**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Skipulagðir foreldramorgnar | | |
| Afgirt svæði með hlið fyrir börn | X | |

# Breiðholtslaug

ATH. aldursbil er 0-3 ára

## Klefar

| Aðstaða/búnaður | KVK inniklefi | KK inniklefi | KVK útiklefi | KK útiklefi | Sérklefi | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já |
| Skiptiborð | x | x | | | x | |
| Barnastóll | x | x | | | x | |
| Barnabali | x | x | | | | |
| Kútar | x | x | | | | |
| Stærra baðherbergi | | | | | | |
| Sér svæði fyrir fjölskyldufólk | | | | | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | | | | | | |
| Aðstaða til að leggja frá sér búnað (sundföt/dót) | x | x | | | | |

## Laugarsvæði

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Yfirbyggt laugarsvæði | x | |
| Innilaug yfir 35 gráður | x | |
| Vaðlaug yfir 35 gráður | x | |
| Útilaug yfir 35 gráður | | |
| Aðstaða fyrir ungbarnasundsæfingar | x | |
| Stutt lengd frá klefum að laugum og pottum | x | |
| Heitir pottar tengdir við/beint við hlið barnalaug | x | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | x | |

## Leikföng

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Busl leikföng | x | |
| Rennibraut fyrir undir 3 ára | x | |
| Flotleikföng | x | |
| Innbyggð vatnsleikföng | x | |
| Vatns-sveppur | x | |
| Annað | | |

## Afgreiðsla

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Leikjasvæði fyrir ung börn | | |
| Barnastóll | | |
| Fiskabúr | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | x | |

## Annað

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Skipulagðir foreldramorgnar | | |
| Afgirt svæði með hlið fyrir börn | | |

# Dalslaug

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | ATH. aldursbil er 0-3 ára | | | | | | |
| | | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já |
| **Klefar** | **Aðstaða/búnaður** | **KVK inniklefi** | **KK inniklefi** | **KVK útiklefi** | **KK útiklefi** | **Sérklefi** | **Athugasemdir** |
| | Skiptiborð | X | X | | | | |
| | Barnastóll | X | X | | | X | |
| | Barnabali | X | X | | | | |
| | Kútar | X | X | | | | Beint fyrir utan klefana á leiðinni út á útisvæði |
| | Stærra baðherbergi | X | X | | | | |
| | Sér svæði fyrir fjölskyldufólk | | | | | | |
| | Aðgengi fyrir barnavagna | | | | | | |
| | Aðstaða til að leggja frá sér búnað (sundföt/dót) | X | X | | | X | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Laugarsvæði** | **Aðstaða/búnaður** | **Hakið X ef já** | **Athugasemdir** |
| | Yfirbyggt laugarsvæði | | |
| | Innilaug yfir 35 gráður | | |
| | Vaðlaug yfir 35 gráður | X | |
| | Útilaug yfir 35 gráður | | |
| | Aðstaða fyrir ungbarnasundsæfingar | X | Innilaug - hægt að hita laug |
| | Stutt lengd frá klefum að laugum og pottum | X | |
| | Heitir pottar tengdir við/beint við hlið | | Göngusvæði á milli |
| | Aðgengi fyrir barnavagna | X | |
| **Leikföng** | **Aðstaða/búnaður** | **Hakið X ef já** | **Athugasemdir** |
| | Busl leikföng | X | |
| | Rennibraut fyrir undir 3 ára | | |
| | Flotleikföng | X | |
| | Innbyggð vatnsleikföng | | |
| | Vatns-sveppur | X | |
| | Annað | | Rennibraut fyrir 8 ára og eldri |
| **Afgreiðsla** | **Aðstaða/búnaður** | **Hakið X ef já** | **Athugasemdir** |
| | Leikjasvæði fyrir ung börn | X | |
| | Barnastóll | X | |
| | Fiskabúr | | |
| | Aðgengi fyrir barnavagna | X | |
| **Annað** | **Aðstaða/búnaður** | **Hakið X ef já** | **Athugasemdir** |
| | Skipulagðir foreldramorgnar | X | Bókasafnið er með það |
| | Afgirt svæði með hlið fyrir börn | X | Bókasafnið er með það |

# Grafarvogslaug

ATH. aldursbil er 0-3 ára

**Klefar**

| Aðstaða/búnaður | KVK inniklefi | KK inniklefi | KVK útiklefi | KK útiklefi | Sérklefi | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já |
| Skiptiborð | x | x | | | | |
| Barnastóll | x | x | | | | |
| Barnabali | x | x | | | x | |
| Kútar | x | x | | | | kútar eru í körfu í innilaug |
| Stærra baðherbergi | x | x | | | | |
| Sér svæði fyrir fjölskyldufólk | | | | | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | | | | | | |
| Aðstaða til að leggja frá sér búnað (sundföt/dót) | x | x | | | | |

**Laugarsvæði**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Yfirbyggt laugarsvæði | x | |
| Innilaug yfir 35 gráður | | 34 gráður |
| Vaðlaug yfir 35 gráður | x | |
| Útilaug yfir 35 gráður | x | |
| Aðstaða fyrir ungbarnasundsæfingar | x | Eru ekki með skiptiborð eða þannig aðstöðu |
| Stutt lengd frá klefum að laugum og pottum | x | |
| Heitir pottar tengdir við/beint við hlið barnalaug | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | | |

**Leikföng**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Busl leikföng | x | |
| Rennibraut fyrir undir 3 ára | x | |
| Flotleikföng | x | |
| Innbyggð vatnsleikföng | x | |
| Vatns-sveppur | | |
| Annað | Trúður sem gefur frá sér vatn og snákur sem gefur frá sér vatn | |

**Afgreiðsla**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Leikjasvæði fyrir ung börn | | |
| Barnastóll | | |
| Fiskabúr | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | x | |

**Annað**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Skipulagðir foreldramorgnar | | |
| Afgirt svæði með hlið fyrir börn | | |

# Klébergslaug

ATH. aldursbil er 0-3 ára

**Klefar**

| Aðstaða/búnaður | KVK inniklefi (Hakið X ef já) | KK inniklefi (Hakið X ef já) | KVK útiklefi (Hakið X ef já) | KK útiklefi (Hakið X ef já) | Sérklefi (Hakið X ef já) | Athugasemdir (Hakið X ef já) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skiptiborð | x | x | | | | |
| Barnastóll | x | x | | | | |
| Barnabali | x | x | | | | |
| Kútar | x | x | | | | |
| Stærra baðherbergi | | | | | | |
| Sér svæði fyrir fjölskyldufólk | | | | | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | x | x | | | | |
| Aðstaða til að leggja frá sér búnað (sundföt/dót) | x | x | | | | Aðeins snagar |

**Laugarsvæði**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Yfirbyggt laugarsvæði | | |
| Innilaug yfir 35 gráður | | |
| Vaðlaug yfir 35 gráður | x | |
| Útilaug yfir 35 gráður | | |
| Aðstaða fyrir ungbarnasundsæfingar | | |
| Stutt lengd frá klefum að laugum og pottum | x | |
| Heitir pottar tengdir við/beint við hlið | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | | |

**Leikföng**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Busl leikföng | x | |
| Rennibraut fyrir undir 3 ára | | |
| Flotleikföng | x | |
| Innbyggð vatnsleikföng | | |
| Vatns-sveppur | | |
| Annað | | |

**Afgreiðsla**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Leikjasvæði fyrir ung börn | | |
| Barnastóll | x | |
| Fiskabúr | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | x | |

**Annað**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Skipulagðir foreldramorgnar | | |
| Afgirt svæði með hlið fyrir börn | | |

# Laugardalslaug

ATH. aldursbil er 0-3 ára

**Klefar**

| Aðstaða/búnaður | KVK inniklefi | KK inniklefi | KVK útiklefi | KK útiklefi | Sérklefi | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já |
| Skiptiborð | X | X | | | X | |
| Barnastóll | X | X | X | | | |
| Barnabali | X | X | X | | | |
| Kútar | X | X | | | | í Kringlu á leið út á laugarsvæði - einnig vesti |
| Stærra baðherbergi | | | | | | |
| Sér svæði fyrir fjölskyldufólk | | | | | 4x sérklefar | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | | | | | | |
| Aðstaða til að leggja frá sér búnað (sundföt/dót) | X | X | X | X | X | |

**Laugarsvæði**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Yfirbyggt laugarsvæði | X | kennslu og æfingalaug 27°heit, of köld fyrir yngri börn. |
| Innilaug yfir 35 gráður | | |
| Vaðlaug yfir 35 gráður | X | |
| Útilaug yfir 35 gráður | X | |
| Aðstaða fyrir ungbarnasundsæfingar | | Bráðvantar fyrir slíkt sem og kennslulaug fyrir börn uppí 4 bekk. |
| Stutt lengd frá klefum að laugum og pottum | | |
| Heitir pottar tengdir við/beint við hlið barnalaug | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | | Það er hægt að fara með barnavagna út á laugarsvæði ef þeir eru hreinir. |

**Leikföng**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Busl leikföng | | Hefur verið keypt en fer illa og hverfur hratt. |
| Rennibraut fyrir undir 3 ára | X | Er á síðasta snúning, var viðgerð nú í haust og |
| Flotleikföng | X | |
| Innbyggð vatnsleikföng | | |
| Vatns-sveppur | | |
| Annað | | |

**Afgreiðsla**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Leikjasvæði fyrir ung börn | | Plássleysi og léleg hljóðvist gerir það að verkum að afgreiðslan eins og hún er í dag myndi ekki leyfa slíkt. |
| Barnastóll | X | |
| Fiskabúr | X | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | X | Hægt að koma inn með barnavagna en ekki mikið pláss til að geyma þá og ekki gert ráð fyrir því að þeir séu geymdir í afgreiðslu. |

**Annað**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Skipulagðir foreldramorgnar | | |
| Afgirt svæði með hlið fyrir börn | | |

| Óskir | Aðstaða/búnaður | Athugasemdir |
|---|---|---|
| 25 metra yfirbyggða kennslulaug ! Þannig myndi myndast rými og betri nýting á þeirri innilaug sem fyrir er! Að æfa í sundi er frábært fyrir þá sem eru í endurhæfingu hverskyns, eru með lélega eða slappa liði og eiga erfitt með að ganga/hlaupa: https://www.urheiluhallit.fi/en/services/group-exercise/water-exercise-lovers/ | Innilaug fyrir kennslu yngri barna, sullsvæði fyrir yngstu börnin (svipað og er í Breiðholtslaug) og aðstaða fyrir ungbarnasund. Innilaug fyrir eldri borgarar leikfimi og göngubraut í vatni fyrir endurhæfingu væri frábært að fá í sundlaugar Reykjavíkur. (finnsk fyrirmynd) | VANTAR innilaug fyrir kennslu yngri barna, það væri þá hægt að eiga t.d. wibe out braut sem mætti setja upp um helgar og á sumrin og hafa leikföng á bakka fyrir yngri börn. |

# Sundhöll

ATH. aldursbil er 0-3 ára

**Klefar**

| Aðstaða/búnaður | KVK inniklefi | KK inniklefi | KVK útiklefi | KK útiklefi | Sérklefi | Athugasemdir |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já | Hakið X ef já |
| Skiptiborð | x | x | | | | |
| Barnastóll | x | x | | | | |
| Barnabali | x | x | | | | |
| Kútar | | | | | | Kútar eru á innilaug og útisvæði |
| Stærra baðherbergi | | | | | | |
| Sér svæði fyrir fjölskyldufólk | | | | | x | Í sérklefum er aðstaða fyrir fjölskyldufólk. |
| Aðgengi fyrir barnavagna | x | x | x | x | x | Barnavagnar eiga ekki að fara inn í klefa, það eru hrein svæði skv. Heilbrigðiseftirlitinu |
| Aðstaða til að leggja frá sér búnað (sundföt/dót) | x | x | x | x | x | |

**Laugarsvæði**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Yfirbyggt laugarsvæði | x | |
| Innilaug yfir 35 gráður | | Barnalaugin er 32 gráður og notuð í ungbarnasund |
| Vaðlaug yfir 35 gráður | x | |
| Útilaug yfir 35 gráður | | Aðeins vaðlaug |
| Aðstaða fyrir ungbarnasundsæfingar | x | |
| Stutt lengd frá klefum að laugum og pottum | x | Í ungbarnasundi nota konur gamla kvennaklefa |
| Heitir pottar tengdir við/beint við hlið | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | | Það á ekki að fara með barnavagna á útisvæði |

**Leikföng**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Busl leikföng | x | |
| Rennibraut fyrir undir 3 ára | | |
| Flotleikföng | x | |
| Innbyggð vatnsleikföng | | |
| Vatns-sveppur | x | |
| Annað | x | Stór sveppur í vaðlaug. |

**Afgreiðsla**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Leikjasvæði fyrir ung börn | | |
| Barnastóll | x | |
| Fiskabúr | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | x | |

**Annað**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Skipulagðir foreldramorgnar | | |
| Afgirt svæði með hlið fyrir börn | | |

# Vesturbæjarlaug

ATH. aldursbil er 0-3 ára

**Klefar**

| Aðstaða/búnaður | KVK inniklefi (Hakið X ef já) | KK inniklefi (Hakið X ef já) | KVK útiklefi (Hakið X ef já) | KK útiklefi (Hakið X ef já) | Sérklefi (Hakið X ef já) | Athugasemdir (Hakið X ef já) |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Skiptiborð | x | x | | | Borð fyrir fjölfatlaða notað sem skiptiborð líka en er ekki endilega ætlað til þess | |
| Barnastóll | x | x | x | x | x | |
| Barnabali | x | x | x | x | x | |
| Kútar | x | x | x | x | | Eru á leið úr inniklefum og á laugarsvæði við útiklefa |
| Stærra baðherbergi | | | | | x | |
| Sér svæði fyrir fjölskyldufólk | x | x | | | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | | | x | x | x | |
| Aðstaða til að leggja frá sér búnað (sundföt/dót) | x | x | | | | |

**Laugarsvæði**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Yfirbyggt laugarsvæði | | |
| Innilaug yfir 35 gráður | | |
| Vaðlaug yfir 35 gráður | x | |
| Útilaug yfir 35 gráður | | barnalaug er 34 gráður |
| Aðstaða fyrir ungbarnasundsæfingar | | |
| Stutt lengd frá klefum að laugum og pottum | | |
| Heitir pottar tengdir við/beint við hlið | | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | x | |

**Leikföng**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Busl leikföng | x | |
| Rennibraut fyrir undir 3 ára | | |
| Flotleikföng | x | |
| Innbyggð vatnsleikföng | | |
| Vatns-sveppur | | |
| Annað | | |

**Afgreiðsla**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Leikjasvæði fyrir ung börn | | |
| Barnastóll | | |
| Fiskabúr | x | |
| Aðgengi fyrir barnavagna | | |

**Annað**

| Aðstaða/búnaður | Hakið X ef já | Athugasemdir |
|---|---|---|
| Skipulagðir foreldramorgnar | | |
| Afgirt svæði með hlið fyrir börn | | |